

Húslestur skólaárið 2013-2014

6. tbl. 23. árg. Miðvikudagur 21. ágúst 2013. Ritstjóri og ábyrgðarmaður: **Herdís Þ. Sigurðardóttir**

Velkomin til starfa á nýju skólaári!

Húslestur hefur ýmsar upplýsingar að geyma. Lesið hann vandlega og haldið honum til haga. Lesið einnig vel kaflana um [áfangakerfið](#) og [reglur skólans í skólanámsskrá](#) á vef skólans. Enn fremur eru flestar [brautalýsingar](#) á vef skólans. Þá er oft ýmsar upplýsingar og tilkynningar að finna á tilkynningatöflu við nemendainngang.

Skólasetning verður kl. 9 miðvikudaginn 21. ágúst. Umsjónartími verður strax eftir skólasetningu þar sem umsjónarkennarar fara yfir hagnýt atriði með nemendum. Kennsla hefst fimmtudaginn 22. ágúst skv. stundatöflu. Varðandi dagskrá annarinnar má nefna að próf verða frá 5. til 18. desember og önninni lýkur með prófsýningu þann 19. desember.

Starfsfólk skólans

Skólameistari: Dóra Ármannsdóttir. Viðtalstímar eftir samkomulagi.

Aðstoðarskólameistari: Herdís Þ. Sigurðardóttir. Viðtalstímar eftir samkomulagi.

Námsráðgjafi: Rakei Dögg Hafliðadóttir. Viðtalstímar: Mán. 10-13, Þri. 10-14, mið. 10-15.

Skólahjúkrunarfræðingur: Brynhildur Gísladóttir. Viðtalstímar auglýstir síðar.

Fjármálastjóri: Svava Björg Kristjánsdóttir.

Ritari: Sæunn Helga Björnsdóttir.

Bókavörður: Elín S. Kristjánsdóttir. Opnunartími bókasafns verður auglýstur síðar.

Umsjónarmaður húsnæðis: Guðrún Reynisdóttir.

Kennarar á haustönn 2012

Arnildur Pálmadóttir	Hugur og hönnun; Listir, menning og vísindi.
Auður Jónasdóttir	Starfsbraut.
Ásta Svavarsdóttir	Íslenska; listir, menning og vísindi.
Björgvin R. Leifsson	Náttúrufræði; stærðfræði.
Gunnar Arnason	Enska; lífsleikni; sálfræði.
Gunnar Baldursson	Eðlisfræði; efnafræði; jarðfræði; náttúrufræði.
Herdís Þ. Sigurðardóttir	Íslenska.
Ingólfur Freysson	Félagsfræði; íþróttir; lífsleikni.
Knútur Arnar Hilmarsson	Stærðfræði.
Sigurður Narfi Rúnarsson	Starfsbraut.
Smári Sigurðsson	Enska; þýska.
Svava Björg Kristjánsdóttir	Danska.
Valdimar Stefánsson	Listir, menning og vísindi; saga.

Allir kennarar hafa viðtalstíma og verða þeir auglýstir síðar á töflu á nemendagangi

Umsjónarkennarar og umsjónartímar

Umsjónarkennarar:

Námsráðgjafi er talsmaður nemenda og kallar nemendur í viðtal þegar þurfa þykir. Að öðru leyti eru umsjónarkennarar sem hér segir:

Auður Jónasdóttir	Starfsbraut.
Ingólfur Freysson	Nýnemar á almennri braut. Viðtalstímar: þriðjudagar kl. 14:00-15:00
Gunnar Árnason	Nýnemar á stúdentsbrautum. Viðtalstímar: miðvikudagar kl. 11:25-12:25
Gunnar Baldursson	Nemendur á öðru ári fæddir 1996. Viðtalstímar: miðvikudagar kl. 14:10-15:10
Björgvin R. Leifsson	Aðrir nemendur. Viðtalstímar: miðvikudagar kl. 10:20-11:20

Umsjón

Einu föstu umsjónartímarnir eru í upphafi annar og eru þeir ætlaðir fyrir nemendur fædda 1996 og 1997 auk þess sem aðrir nýnemar og endurinnritaðir geta sótt þá. Að öðru leyti eru umsjónarkennarar nemendum til aðstoðar með val og námsáætlun.

Drög að valframboði fyrir næstu önn munu liggja fyrir í þriðju viku september og geta nemendur sent aðstoðarskólameistara tölvupóst á herdis@fsh.is með ábendingum um hvaða áfanga þarf að kenna á næstu önn. Þetta þýðir að vinna við námsáætlun og val fyrir næstu önn hefst snemma á önninni og eru áætlaðar 3-4 vikur í þessa vinnu. Hægt er að búa til námsáætlun í skólakerfinu Innu til og með vorönn 2015. Vali fyrir vorönn 2014 verður að ljúka í síðasta lagi í vikunni fyrir haustfrí. Ætlast er til að nemendur búi til námsáætlun og velji í Innu undir leiðsögn umsjónarkennara. Umsjónartími vegna aðstoðar við val fyrir þá sem það vilja verður auglýstur síðar.

Athugið að skólanámsskrá er á heimasíðu skólans. Þar eru m.a. upplýsingar um alla áfanga og brautir skólans, námsmat, fjarvistakerfið o.fl.

Þeir sem hyggja á útskrift við skólaslit vorið 2014 eru beðnir að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst.

Inna og Innuaðgangur

Aðgangur nemenda að skólakerfinu Innu

Aðgangur nemenda að Innu er virkjaður þegar þeir hafa greitt skólagjöld. Slóðin er <http://www.inna.is/Nemendur>. Notandanafn er kennitala nemenda. Lykilorð er Íslykill sem sótt er um á <http://www.island.is>. Þegar farið er inn í Innu kemur stundataflan upp. Upplýsingar um námsferil, einkunnir, fjarvistir o.fl. fáist þið með því að smella á nafnið ykkar fyrir ofan stundatöfluna. Hægt er að prenta út stundatöflu, námsferil o.fl. úr Innu.

Athugið að til að komast inn á Innu þurfið þið aðgang að tölvukerfi skólans. Hann fáist þið hjá Aðalgeiri Sævari kerfisstjóra. Líkt og fram kemur á forsíðu verður hann í vetur með almenna viðveru kl. 10-12 á mánudögum og þriðjudögum á skrifstofu í kjallara skólans en í upphafi skóla, á mánudaginn 25. og þriðjudaginn 26. ágúst, verður hann við kl. 9-12 í stofu 1 (tölvustofu). Eldri nemendur halda sínum lykilorðum.

Vinsamlega athugið hvort persónuupplýsingar í Innu eru réttar og breytið þeim ef við á, t.d. heimilisfangi ef aðsetur er annað en lögheimili og símanúmeri ef það hefur breyst.

Hér má finna upplýsingar um Innu

Um húsnæði skólans

Húsnæði skólans

Í kennaraálmum eru skrifstofur skólameistara, aðstoðarskólameistara, námsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðings, kennarastofa og vinnuherbergi kennara. Vinnuherbergi Gunnars Baldurssonar er þó við hliðina á stofu 9. Skrifstofa skólans er framan við kennaraálmum og þar hafa ritari og fjármálastjóri aðsetur. Umsjónarmaður húsnæðis hefur aðstöðu í herbergi gegnt skrifstofu. Nemendur eru beðnir að virða viðtalstíma kennara. Notfærið ykkur pósthólf þeirra sem eru í kennaraálmum gegnt skrifstofu aðstoðarskólameistara. Þau er sérstaklega ætluð fyrir nemendur sem þurfa að koma skilaboðum til kennara eða skila verkefnum. Bókasafn er á efri hæð skólans fyrir ofan aðalinngang nemenda. Aðstaða nemenda, t.d. matar- og setustofa, er í kjallara í aðalkennsluálmum.

Kennslustofurnar

Stofur 1, 2, 3, 4 og 5 eru á efri hæð í aðalkennsluálmum, 1, 2 og 3 nær anddyri.

Stofur 6, 7, 8 og 9 (raungreinastofa) eru á jarðhæð í kennsluálmum, stofa 6 næst anddyri en stofa 9 fjærst. Stofa 6 verður lítið notuð fyrir kennslu í vetur og er ásamt bókasafni hentug þeim sem vilja ljúka heimanámi í skólanum.

Stofur 11 (kvikmyndastofa) og 12 (myndmenntastofa) eru í kjallara kennaraálmum.

Stofa 10 er fyrir ofan nemendainngang, við hliðina á bókasafninu, og verður eingöngu ætluð nemendum á starfsbraut í vetur.

Stofa ÍP er í íþróttahúsi

Stofa 1 er tölvustofa. Stofan er opin nemendum þegar engin kennsla fer þar fram. Þá hafa nemendur tækifæri til vinna þar verkefni sem tengjast skólanum. Forsenda þess að hægt sé að hafa stofuna opna er að allir nemendur gangi vel um og hlíti öllum þeim umgengnisreglum sem settar eru. Við stofuna er auglýsing um opnunartíma og umgengnisreglur.

Athygli er vakin á því að innangengt er milli nemendaaðstöðu í kjallara og stofa 11 og 12. Nemendur eru vinsamlegast beðnir um að nota þessa leið í stað þess að fara gegnum kennaraálmum.

Skólasóknarreglur

Meginregla: Nemendur eiga að mæta stundvíslega í allar kennslustundir.

Veitt er ákveðið svigrúm frá þessari meginreglu sem hér segir:

Heildarskólasókn nemenda má ekki vera undir 90%.

Skólasókn í hverjum einstökum áfanga má ekki vera undir 85%.

Leyfi frá skólasókn getur skólameistari og aðstoðarskólameistari gefið ef sérstakar ástæður liggja að baki. Öðrum er ekki heimilt að veita leyfi frá mætingu, hvorki til lengri eða skemmri tíma.

Viðverumerkingar í kennslustundum:

M = sjálfgefinn viðverukóði, nemandinn er í tímanum.

F = fjarvist úr 60 mínútna tíma. Gefur 1 fjarvistastig.

G = fjarvist úr 40 mínútna tíma. Gefur 0,67 fjarvistastig.

ATH. Komi nemandi of seint í kennslustund, þ.e. eftir að kennari er búinn að lesa upp og kennsla er hafin, telst nemandinn fjarverandi þá kennslustund.

Frádráttarliðir fjarvista:

V = veikindi

L = leyfi

A = töfluárekstur

Það svigrúm sem nemendur hafa skv. skólasóknarreglum geta þeir nýtt t.d. ef þeir þurfa nauðsynlega að bregða sér frá.

Veikindi skal tilkynna á skrifstofu skólans að morgni sama dags. Forráðamenn 16-17 ára nemenda skulu tilkynna veikindi barna sinna. Trúnaðarmaður (sem skólinn samþykkir) 18-20 ára nemenda skal tilkynna veikindi þeirra. Skólanum er heimilt að krefjast læknavottorða vegna langtíma veikinda. Langveikum nemendum er bent á að hafa samband við stjórnendur skólans í upphafi annar.

Nemendum skal gefin einkunn í prósentum fyrir skólasókn. Skólasókn er ekki metin til eininga.

Í Aðalnámskrá er sérákvæði um undanþágur frá skólasókn fyrir fatlaða nemendur og afreksfólk í íþróttum.

Viðurlög: Nái nemandi ekki tilskilinni skólasókn í einum áfanga (þ.e. 85%) er litið svo á að hann hafi þar með sagt sig úr þeim áfanga. Fær hann þá skráða einkunnina H (hættur) fyrir áfangann í námsferil sinn. Fari nemandi niður fyrir leyfilegt lágmark í heildarskólasókn (þ.e. 90%) er litið á það sem úrsögn úr skólanum. Nemendur sem hafa sagt sig úr einstökum áföngum eða skóla vegna fjarvista hafa ekki leyfi til þess að þreyta próf í lok annar.

Meðferð mála: Ef útreikningar á fjarvistum benda til þess að nemandi segi sig frá skóla með sama áframhaldi skal senda honum áminningarbréf eða foreldrum/forráðamönnum ef nemandi er yngri en 18 ára. Segi nemandi sig úr skóla og/eða áfanga vegna brota á skólasóknarreglum ber að tilkynna honum það skriflega. Nemandinn hefur tímabundinn andmælarétt. Að auki getur nemandi sótt um undanþágu frá skólasóknarreglum til skólaráðs.

ATH.: Ætlast er til að nemendur fylgist sjálfir með fjarvistum sínum í Innu – engin fjarvistablöð verða afhent sérstaklega í umsjón!

Ef nemandi er ósáttur við fjölda skráðra fjarvista í áfanga skal hann strax hafa samband við viðkomandi kennara.

Nemendum er eindregið ráðlagt að halda sitt eigið fjarvistabókheld!

P-nám og frjáls mæting

Þeir nemendur sem óska eftir p-námi eða frjálstri mætingu verða að sækja um það skriflega og gera grein fyrir ástæðu umsóknar. Umsóknareyðublöðin fáið þið á skrifstofu skólans eða hjá aðstoðarskólameistara. Umsóknum skal skilað til aðstoðarskólameistara í síðasta lagi föstudaginn 23. ágúst. Ákvörðun um það hverjir fá p-heimildir eða frjálsa mætingu verður kunngerð eins fljótt og auðið er.

Hverjir geta sótt um frjálsa mætingu?

1. Þeir nemendur sem náð hafa 21 árs aldri og/eða búa við þær aðstæður að þeir telji sig ekki geta mætt í alla tíma, án þess þó að það komi niður á náminu.
2. Nemendur sem eru 18-20 ára og skrá sig í að hámarki 10 einingar á viðkomandi önn.

Hvað fylgir því að fá frjálsa mætingu?

Nemendur með frjálsa mætingu bera sjálfir ábyrgð á eigin námi og þurfa að kynna sér gaumgæfilega hvaða skyldur fylgja því.

Hverjir geta sótt um P-nám?

P-heimild getur komið til álita ef um útskriftarmál er að ræða.

Allir sem sækja um P-nám skulu koma í viðtal hjá aðstoðarskólameistara í síðasta lagi föstudaginn 23. ágúst.

Nemendum er bent á að kynna sér upplýsingar um P-nám og frjálsa mætingu í [Skólanámsskrá](#)

Töflubreytingar

Skoðið stundatöflurnar ykkar vel. Ef þið hafið ekki fengið inn alla þá áfanga sem þið völduð geta ástæðurnar verið margvíslegar, t.d. að áfanginn er ekki kenndur, ekki er pláss í hóp, árekstar eru milli áfanga o.s.frv. Enn er hægt að bæta inn áföngum og taka út áfanga. Athugið að þessar töflubreytingar er eingöngu hægt að gera hjá aðstoðarskólameistara.

Viðtalstímar aðstoðarskólameistara vegna töflubreytinga:
Miðvikudagur 21. ágúst kl. 10:30-12 og 13:00 - 15:00
Fimmtudag 22. ágúst kl. 8:30 - 12:00 og kl. 13:00 - 15:00
Föstudag 23. ágúst kl. 8:30 - 12:00 og 13:00-15:00

Komið vel undirbúin í töflubreytingar. Notið stofntöfluna hér fyrir neðan til að finna hvenær áfangar eru kenndir.

Kl	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Nr. tíma
8:00-9:00	A	G	D	H	B	1
9:05-10:05	B	E	C	D	A	2
10:20-11:20	C	A	E	B	F	3
11:25-12:25	G	B	F	A	H	4
13:00-14:00	F	D	H	C	G	5
14:10-15:10	E	C	G	F		6
15:20-16:20	D	H		E		7
16:30-17:30						8

A-stokkur: ENS103-1, ÍSL212, ÍSL303, STÆ313
B-stokkur: ENS103-2, STÆ122, STÆ503
C-stokkur: ENS303, ÍSL503, SAG303, STÆ102, STÆ193
D-stokkur: DAN103-1, EÐL303, NÁT103, SAG313
E-stokkur: DAN103-2, EFN203, FÉL303, SÁL103, STÆ103
F-stokkur: HOH193, LKN103-2, NÁT123, ÞÝS303
G-stokkur: LMV193, SÁL303, STÆ303, ÞÝS103
H-stokkur: ENS503, FÉL103, JAR103, LKN103-1, SAG103

Í eftirtöldum áföngum eru tvíhópar: ENS103, LKN103, DAN103. Veitið því athygli í hvorum hópnum þið eruð því áfangarnir eru ekki kenndir á sama tíma.

ÍÞR101-801 eru í A-D stokkum. Þeir nemendur sem eru í afreksþróttum mæta í þá tíma sem þeir eru skráðir í íþróttir.

ATH.:
Eftirtaldir áfangar/hópar eru fullir eða að fyllast: NÁT103, NÁT123, LMV193

Nóg af lausum plássum í eftirtöldum áföngum: FÉL303, HOH193, ÍSL212, JAR103, SAG303, SAG313, SÁL303, STÆ103, STÆ303, STÆ503.

Öllum töflubreytingum verður að vera lokið þriðjudaginn 27. ágúst.
Þeir sem skrá sig úr áfanga eftir 27. ágúst fá einkunnina H í feril og teljast hafa reynt einu sinni við áfangann, þ.e. missa einn próftökurétt af þremur í áfanganum.

Ertu töflulaus?

Ef þú ert töflulaus gæti skýringin verið sú að þú ert ekki búinn að greiða innritunargjaldið! Taflan þín er þá hjá ritara (fyrir nýnema og endurinnritaða) eða í Innu (hjá öðrum nemendum) og þú færð hana um leið og þú gerir upp skuldina. ATH að Innuaðgangur er lokaður þar til innritunargjaldið er greitt!

Annar möguleiki er að þú hafir ekki skilað inn vali á síðustu önn. Ef svo er þarft þú nauðsynlega að tala við aðstoðarskólameistara á töflubreytingatíma.

Þriðji möguleikinn er að Inna sé að stríða okkur. Hafðu samband við aðstoðarskólameistara á töflubreytingatíma.

Árekstrar

Árekstur kallast það þegar tveir áfangar eru skráðir í sama tímann. Ef tveir áfangar eru skráðir á sama tíma í stundatöflu gildir taflan sem árekstraheimild. Nemendur skulu hafa samband við báða viðkomandi kennara og ákveða **kennararnir** hvernig nemandinn mætir í þessa tíma.

Íþróttir

Íþróttatímar eru í Íþróttahöll, ýmist í aðalsal eða þreksal. Íþróttir eru allar í stökkum og er hægt að velja um tíma í A, B, C eða D stökk.

Nemendur, sem eru búnir með ÍPR201 geta fengið að fara í sund og/eða stunda aðra útivist í samráði við íþróttakennara.

Íþróttatímar fyrir afreksfólk í íþróttum verða í A og B stökkum. Í sumum tilfellum getur myndast árekstur milli íþróttá og annarra tíma. Ef svo er skulu þessir nemendur mæta í íþróttatímana. Íþróttakennari útskýrir nánar hvað felst í því að vera valinn í þennan hóp.

Athugið vel að aðrir nemendur geta líka verið í íþróttum í A og B stökkum.

Þeir sem ekki hafa fengið íþróttir í töflu snúi sér til aðstoðarskólameistara. Þeir sem eru með íþróttárekstur hafi samband við íþróttakennara.

Ýmsar upplýsingar

Bókakaup

Bókalisti haustannar 2013

Nemendur eru hvattir til að skipta eldri bókum sína á milli hér í skólanum.

Bókasafn FSH er fyrir ofan aðalinngang skólans við hliðina á stofu 10. Þar er m.a. lesaðstaða og aðgangur að tölvum, prentara og ljósritunarvél, en einnig geta nemendur unnið þar með sínar eigin fartölvur. Nýnemar koma í kynningu á bókasafnið með kennara í lífsleikniáfanganum. Opnunartími bókasafns er frá kl. 8 alla virka daga og á meðan kennsla stendur yfir í skólanum. Viðvera bókasafnsfræðings verður auglýst síðar.

Skápar innan við anddyri. Nemendur geta leigt sér skáp við anddyri hjá ritara. Leigan er kr. 3.000,- á skólaári (tvær annir). Þar af verða kr. 2.000,- endurgreiddar í lok skólaárs gegn afhendingu lykils.

Meðferð matvæla

Öll neysla matar og drykkjar er bönnuð í kennslustofum skólans.

Kennsluferfið Moodle

Slóðin er kennsluvefur.is, enn fremur er hlekkur á Moodle á fsh.is.

Notandanafn og lykilorð er það sama og á Innu. Hafið samband við aðstoðarskólameistara eða ritara ef þið komist ekki inn. Kennarar tilkynna nemendum um gögn sem þeir setja inn á Moodle. Samskipti við fjarnámsnemendur fara að mestu fram gegnum Moodle.

Netaðgangur nemenda

Sú breyting hefur verið gerð að nemendur fá ekki lengur afhent skólanetföng heldur nota þeir eingöngu eigin netföng. Þeir nemendur sem þurfa aðstoð við að stofna netföng geta leitað til Aðalgeirs Sævars Óskarssonar adalgeir.oskarsson@advania.is

Ath. til að nota Innuaðgang verða nemendur að hafa netaðgang!

Nýnemar þurfa að breyta lykilorði sínu þegar þeir tengjast í fyrsta skipti. Velja skal öruggt lykilorð sem ekki gleymist. Óöruggt lykilorð er til dæmis: Hluti úr nafninu þínu, fæðingardagur, kennitala, fæðingardagur nærstaddra og annað sem augljóslega er hægt að tengja við þig

Ef þú gleymir lykilorði þínu skaltu hafa samband við ritara.

Verði nemendur uppvísir að misnotkun á tölvuferfi skólans verður aðgangurinn tekinn af þeim.

Opnunartímar stofu 1 eru þegar hún er ekki í notkun skv. töflu (sjá auglýsingu við stofudyrnar). Kennarar með hópa hafa þó forgang á opnunartímum fram yfir aðra.

Netfang þitt verður: notandanafn@fsh.is, dæmi: jonj@fsh.is. Þetta er netfangið sem notað er í Innu og því má ekki breyta!

Heimasvæði þitt er undir "H:" drifi og kvóti verður 50Mb. Vistið gögn ykkar í möppuna "My Documents" eða beint inn á H: drif.

Athugaðu!

Þegar þú yfirgefur tölvu skalt þú ávallt aftengjast með því að ýta á "Start" hnapp og velja "Log off notandi".

Tölvustofan er oft mjög umsetin og ekki er leyfilegt að skreppa í burtu frá tölvu nema í mjög stuttan tíma. Ef þú kemur að tölvu þar sem enginn situr en einhver er augljóslega tengdur skalt þú gefa viðkomandi nægan tíma til að koma til baka frá salerni (c.a. 2-3 mínútur), vista síðan það sem unnið er með, aftengja viðkomandi og nota tölvuna:)

Herdis Þ. Sigurðardóttir, aðstoðarskólameistari, herdis@fsh.is

7. tbl. 23. árgangur fimmtudaginn 19. september 2013. Ritstj. og ábm. **Herdís Þ. Sigurðardóttir**

Efni:

1. Fyrsta fjarvistatalning annarinnar. Viðmið er 98% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri. Það er sérstakt ánægjuefni að enginn 1. árs nýnemi er á gátlistanum!

Hér má sjá hvernig skoða má viðveru í **Innu**.

Mætingarreglur FSH

2. Val fyrir vorönn 2013 hefst í dag og lýkur 29. október nk. Hægt er að skila athugasemdum við **valframboð** til **aðstoðarskólameistara** fram til **4. október**. Umsjónartími vegna valsins verður miðvikudaginn **23. október** en þá munu umsjónarkennarar leiðbeina þeim sem þurfa aðstoð. Ætlast er til að nýnemar fæddir 1997 komi í þennan umsjónartíma nema þeir séu búnir að velja áður með aðstoð umsjónarkennara.. Leiðbeiningar um val í **Innu** er að finna **hér**.

Ath. að þeir sem ekki skila vali í **Innu** verða ekki með í stundatöflugerð fyrir vorönn 2014. Þannig gildir valið sem umsókn um skólavist.

Hægt er að gera námsáætlun í **Innu** til og með vorönn 2015.

Umsjónarkennarar geta kallað á einstaka nemendur eða hóp nemenda í viðtalstíma vegna vals, þ.m.t. á fundartíma kl. 15:20 á miðvikudögum.

Upplýsingar um námsbrautir skólans

Kjörsviðsreglur stúdentsbrauta

Undanfarareglur áfanga.

Athugið vel að það að áfangi sé í boði þýðir ekki endilega að hann verði kenndur. Eftir því sem fleiri velja áfanga aukast líkurnar á að hann verði kenndur.

Endanlegt valframboð mun liggja fyrir mánudaginn **7. október**.

Drög að valframboði er að finna **hér**.

3. Brautaskipti: Nemendur, sem vilja skipta um braut þurfa að hafa samband við **aðstoðarskólameistara** sem allra fyrst.

8. tbl. 23. árgangur þriðjudaginn 8. október 2013. Ritstj. og ábm. Herdís P. Sigurðardóttir

Efni:

1. Önnur fjarvistatalning annarinnar. Viðmið er 96% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri.

Hér má sjá hvernig skoða má viðveru í [Innu](#).

[Mætingarreglur FSH](#)

2. Val fyrir vorönn 2014 er hafið og lýkur 29. október nk. Umsjónartími vegna valsins verður miðvikudaginn 23. október en þá munu umsjónarkennarar leiðbeina þeim sem þurfa aðstoð. Ætlast er til að nýnemar fæddir 1997 komi í þennan umsjónartíma nema þeir séu búnir að velja áður með aðstoð umsjónarkennara. Enn fremur verða umsjónarkennarar eldri nema á staðnum og leiðbeina þeim sem vilja aðstoð. Leiðbeiningar um val í Innu er að finna [hér](#).

Ath. að þeir sem ekki skila vali í Innu verða ekki með í stundatöflugerð fyrir vorönn 2014. Þannig gildir valið sem umsókn um skólavist.

Hægt er að gera námsáætlun í Innu til og með vorönn 2015.

Umsjónarkennarar geta kallað á einstaka nemendur eða hóp nemenda í viðtalstíma vegna vals, þ.m.t. á fundartíma kl. 15:20 á miðvikudögum.

[Upplýsingar um námsbrautir skólans](#)

[Kjörsviðsreglur stúdentsbrauta](#)

[Undanfarareglur áfanga.](#)

Athugið vel að það að áfangi sé í boði þýðir ekki endilega að hann verði kenndur. Eftir því sem fleiri velja áfanga aukast líkurnar á að hann verði kenndur.

Hér er listi yfir áfanga í boði á vorönn 2014.

3. Drög að próftöflu haustannar 2013 liggja nú fyrir. Hægt er að skila athugasemdum til aðstoðarskólameistara til 18. nóvember nk.

4. Nemendum, sem þjást af prófkvíða eða telja sig þurfa á sérúrræðum að halda við fyrirlögn prófa, er bent á að hafa samband við námsráðgjafa sem allra fyrst og alls ekki síðar en 22. nóvember.

5. Brautaskipti: Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af Almennri braut III yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst.

9. tbl. 23. árgangur þriðjudaginn 29. október 2013. Ritstj. og ábm. **Herdís Þ. Sigurðardóttir**

Efni:

1. Þriðja fjarvistatalning annarinnar. Viðmið er 94% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri.

Hér má sjá hvernig skoða má viðveru í [Innu](#).

[Mætingarreglur FSH](#)

2. Vali fyrir vorönn 2014 lýkur í dag, 29. október. Þeim, sem hugsanlega gleymdu að velja er bent á að hafa samband við [aðstoðarskólameistara](#).

3. Drög að próftöflu haustannar 2013 liggja nú fyrir. Hægt er að skila athugasemdum til aðstoðarskólameistara til 18. nóvember nk.

4. Nemendum, sem þjást af prófkviða eða telja sig þurfa á sérúrræðum að halda við fyrirlögn prófa, er bent á að hafa samband við [námsráðgjafa](#) sem allra fyrst og alls ekki síðar en 22. nóvember.

5. Innritun fyrir vorönn 2014 er hafin og lýkur 30. nóvember. Þeir sem hafa valið í Innu fyrir næstu önn þurfa ekki að innrita sig sérstaklega.

6. Brautaskipti: Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af almennri braut yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við [aðstoðarskólameistara](#) sem allra fyrst.

10. tbl. 23. árgangur þriðjudaginn 19. nóvember 2013. Ritstj. og ábm. **Herdís Þ. Sigurðardóttir**

Efni:

1. Fjórða fjarvistatalning annarinnar. Viðmið er 92% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri.

Hér má sjá hvernig skoða má viðveru í [Innu](#).

[Mætingarreglur FSH](#)

2. Vali fyrir vorönn 2014 er lokið. Þeim, sem hugsanlega gleymdu að velja er bent á að hafa samband við [aðstoðarskólameistara](#).

3. Próftafla haustannar 2013 liggur nú fyrir. Þar eru einnig prófreglur FSH.

4. Kennslu lýkur á hádegi miðvikudaginn 4. desember. Hefð er fyrir því að kennslu ljúki um hádegi síðasta kennsludag fyrir próf.

5. Innritun fyrir vorönn 2014 lýkur 30. nóvember. Þeir, sem hafa valið í Innu fyrir næstu önn þurfa ekki að innrita sig sérstaklega.

6. Brautaskipti: Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af almennri braut yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við [aðstoðarskólameistara](#) sem allra fyrst.

7. Kennsla á vorönn 2014 hefst miðvikudaginn 8. janúar skv. stundaskrá. Skrifstofan opnar kl. 8:00. Töflubreytingar verða auglýstar í fyrsta Húslestri næsta árs.

1. tbl. 24. árgangur miðvikudaginn 8. janúar 2014. Ritstj. og ábm. **Herdís Þ. Sigurðardóttir**

Velkomin til starfa á nýju ári!

Húslestur hefur ýmsar upplýsingar að geyma. Lesið hann vandlega og haldið honum til haga. Lesið einnig vel kaflana um [áfangakerfið](#) og [reglur skólans í Skólanámsskrá á vef skólans](#). Enn fremur eru [brautalýsingar](#) á vef skólans. Þá er oft ýmsar upplýsingar og tilkynningar að finna á tilkynningatöflu við nemendainngang.

Kennsla hefst skv. stundaskrá miðvikudaginn 8. janúar kl. 9:05.

Starfsfólk skólans

Skólameistari: Dóra Ármannsdóttir. Viðtalstímar eftir samkomulagi.

Aðstoðarskólameistari: Herdís Þ. Sigurðardóttir. Viðtalstímar eftir samkomulagi alla virka daga kl. 8-14.

Námsráðgjafi: Gunnar Árnason. Viðtalstímar auglýstir síðar.

Skólahjúkrunarfræðingur: Brynhildur Gísladóttir. Viðtalstímar þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13:00-14:00.

Fjármálastjóri: Svava Björg Kristjánsdóttir.

Ritari: Guðrún Halldóra Jóhannsdóttir. Opnunartímar skrifstofu alla virka daga kl. 8:00 - 13:00.

Bókavörður: Elín Kristjánsdóttir. Opnunartímar bókasafns alla virka daga á kennslutíma.

Umsjónarmaður húsnæðis: Guðrún Reynisdóttir.

Kerfisstjóri: Aðalgeir Sævar Óskarsson. Viðtalstímar mánud. 10-12, þriðjud. 10-11:30 og fimmtud. 10-11.

Félagsmála- og forvarnarfulltrúi: Sigurður Narfi Rúnarsson.

Kennarar á vorönn 2014

Arnildur Pálmadóttir	Grunnteikning, listir, menning og vísindi.
Auður Jónasdóttir	Starfsbraut
Ásta Svavarsdóttir	Íslenska, listir, menning og vísindi.
Björgvin R. Leifsson	Efnafræði, líffræði, náttúrufræði, tölfræði.
Gunnar Árnason	Enska, sálfræði
Gunnar Baldursson	Eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, listir, menning og vísindi, náttúrufræði.
Ingólfur Freysson	Félagsfræði, íþróttir, skyndihjálp, uppeldisfræði.
Knútur Arnar Hilmarsson	Stærðfræði.
Smári Sigurðsson	Enska, þýska.
Svava Björg Kristjánsdóttir	Danska.
Valdimar Stefánsson	Saga, stærðfræði

Allir kennarar hafa viðtalstíma og verða þeir auglýstir síðar á töflu á nemendagangi.

Umsjónarkennarar og umsjón

Umsjónarkennarar:

Námsráðgjafi er talsmaður nemenda og kallar nemendur í viðtal þegar þurfa þykir. Að öðru leyti eru umsjónarkennarar sem hér segir:

Auður Jónasdóttir	Nemendur á starfsbraut.
Gunnar Baldursson	Nemendur fæddir 1996 og 1997 á náttúrufræðibraut.
Gunnar Árnason	Nemendur fæddir 1996 og 1997 á félagsfræðibraut.
Ingólfur Freysson	Nemendur fæddir 1996 og 1997 á almenntri braut.
Björgvin R. Leifsson	Eldri nemendur.

Umsjón

Umsjónarkennarar eru m.a. nemendum til aðstoðar með val og námsáætlun.

Drög að valframboði fyrir haustönn 2014 munu liggja fyrir um mánaðamótin janúar/febrúar og geta nemendur sent aðstoðarskólameistara tölvupóst á herdis@fsh.is með ábendingum um hvaða áfanga þarf að kenna á næstu önn. Þetta þýðir að vinna við námsáætlun og val fyrir næstu önn hefst snemma á önninni og eru áætlaðar nokkrar vikur í þessa vinnu. Hægt er að búa til námsáætlun í skólakerfinu Innu til og með vorönn 2015. Vali fyrir haustönn 2014 verður að ljúka í síðasta lagi um miðjan mars. Ætlast er til að nemendur búi til námsáætlun og velji í Innu undir leiðsögn umsjónarkennara. Umsjónartími vegna aðstoðar við val fyrir þá sem það vilja verður auglýstur síðar.

Athugið að skólanámsskrá er á heimasíðu skólans. Þar eru m.a. upplýsingar um alla áfanga og brautir skólans, námsmat, fjarvistakerfið o.fl.

Inna og Innuaðgangur

Aðgangur nemenda að skólakerfinu Innu

Aðgangur nemenda að Innu er virkjaður þegar þeir hafa greitt skólagjöld. Slóðin er <http://www.inna.is/Nemendur>. Notandanafn er kennitala nemenda. Lykilorð er Íslykill sem sótt er um á <http://www.island.is>. Þegar farið er inn í Innu kemur stundataflan upp. Upplýsingar um námsferil, einkunnir, fjarvistir o.fl. fáist þið með því að smella á nafnið ykkar fyrir ofan stundatöfluna. Hægt er að prenta út stundatöflu, námsferil o.fl. úr Innu.

Athugið að til að komast inn á Innu þurfið þið aðgang að tölvukerfi skólans. Hann fáist þið hjá Aðalgeiri Sævari kerfisstjóra (sjá viðverutíma á forsíðu Húslesturs).

Eldri nemendur halda sínum lykilorðum.

Vinsamlega athugið hvort persónuupplýsingar í Innu eru réttar og breytið þeim ef við á, t.d. heimilisfangi ef aðsetur er annað en lögheimili og símanúmeri ef það hefur breyst.

Hér má finna upplýsingar um Innu

Um húsnæði skólans

Húsnæði skólans

Skrifstofa skólans er framan við kennaraálmu og þar hafa ritari og fjármálastjóri aðsetur. Í kennaraálmu eru skrifstofur skólameistara, aðstoðarskólameistara, námsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðings. Þar er einnig kennarastofa og vinnuherbergi kennara. Þó er vinnuherbergi Gunnars Baldurssonar við hliðina á stofu 9. Nemendur eru beðnir að virða viðtalstíma kennara. Notfærið ykkur pósthólf þeirra sem eru á ganginum framan við skrifstofu skólans. Þau er sérstaklega ætluð fyrir nemendur sem þurfa að koma skilaboðum til kennara eða skila verkefnum.

Umsjónarmaður húsnæðis er með aðstöðu í herbergi gegnt skólaskrifstofu. Bókasafn er á efri hæð skólans, fyrir ofan aðalinngang nemenda. Kerfisstjóri er með skrifstofu í kjallara kennaraálmu. Aðstaða nemenda, t.d. mat- og setustofa, er í kjallara í aðalkennsluálmu.

Kennslustofurnar

Stofur 1, 2, 3, 4 og 5 eru á efri hæð í aðalkennsluálmu, 1, 2 og 3 nær anddyri.

Stofur 6, 7, 8 og 9 (raungreinastofa) eru á jarðhæð í kennsluálmu, stofa 6 næst anddyri en stofa 9 fjærst. Stofa 6 verður lítið notuð fyrir kennslu í vetur. Þó verður áfanginn NÁM190 kenndur þar kl. 10:20-11:20 á mánudagsmorgnum en að öðru leyti er stofa 6, ásamt bókasafni, hentug þeim sem vilja ljúka heimanámi í skólanum.

Stofur 11 (kvikmyndastofa) og 12 (myndmenntastofa) eru í kjallara kennaraálmu.

Stofa 10 er fyrir ofan nemendaingang, við hliðina á bókasafninu og verður eingöngu ætluð nemendum á starfsbraut í vetur.

Stofa ÍP er í íþróttahúsi.

Stofa 1 er tölvustofa. Stofan er opin nemendum þegar engin kennsla fer þar fram. Þá hafa nemendur tækifæri til vinna þar verkefni sem tengjast skólanum. Forsenda þess að hægt sé að hafa stofuna opna er að allir nemendur gangi vel um og hlíti öllum þeim umgengnisreglum sem settar eru. Við stofuna er auglýsing um opnunartíma og umgengnisreglur.

Athygli er vakin á því að innangengt er milli nemendaaðstöðu í kjallara og stofa 11 og 12. Nemendur eru vinsamlegast beðnir um að nota þessa leið í stað þess að fara gegnum kennaraálmuna.

Skólasóknarreglur

Meginregla: Nemendur eiga að mæta stundvíslega í allar kennslustundir.

Veitt er ákveðið svigrúm frá þessari meginreglu sem hér segir:

Heildarskólasókn nemenda má ekki vera undir 90%.

Skólasókn í hverjum einstökum áfanga má ekki vera undir 85%.

Leyfi frá skólasókn getur skólameistari og aðstoðarskólameistari gefið ef sérstakar ástæður liggja að baki. Öðrum er ekki heimilt að veita leyfi frá mætingu, hvorki til lengri eða skemmri tíma.

Viðverumerkingar í kennslustundum:

M = sjálfgefinn viðverukóði, nemandinn er í tímanum.

F = fjarvist úr 60 mínútna tíma. Gefur 1 fjarvistastig.

G = fjarvist úr 40 mínútna tíma. Gefur 0,67 fjarvistastig.

ATH.: Komi nemandi of seint í kennslustund, þ.e. eftir að kennari er búinn að lesa upp og kennsla er hafin, telst nemandinn fjarverandi þá kennslustund.

Frádráttarliðir fjarvista:

V = veikindi

L = leyfi

A = töfluáreksur

Það svigrúm sem nemendur hafa skv. skólasóknarreglum geta þeir nýtt t.d. ef þeir þurfa nauðsynlega að bregða sér frá.

Veikindi skal tilkynna á skrifstofu skólans fyrir kl. 9:00 að morgni sama dags. Forráðamenn 16-17 ára nemenda skulu tilkynna veikindi barna sinna. Trúnaðarmaður (sem skólinn samþykkir) 18-20 ára nemenda skal tilkynna veikindi þeirra. Skólanum er heimilt að krefjast læknisvottorða vegna langtíma veikinda. Langveikum nemendum er bent á að hafa samband við stjórnendur skólans í upphafi annar.

Nemendum skal gefin einkunn í prósentum fyrir skólasókn. Skólasókn er ekki metin til eininga.

Í Aðalnámskrá er sérákvæði um undanþágur frá skólasókn fyrir fatlaða nemendur og afreksfólk í íþróttum.

Viðurlög: Nái nemandi ekki tilskilinni skólasókn í einum áfanga (þ.e. 85%) er litið svo á að hann hafi þar með sagt sig úr þeim áfanga. Fær hann þá skráða einkunnina H (hættur) fyrir áfangann í námsferil sinn. Fari nemandi niður fyrir leyfilegt lágmark í heildarskólasókn (þ.e. 90%) er litið á það sem úrsögn úr skólanum. Nemendur sem hafa sagt sig úr einstökum áföngum eða skóla vegna fjarvista hafa ekki leyfi til þess að þreyta próf í lok annar.

Meðferð mála: Ef útreikningar á fjarvistum benda til þess að nemandi segi sig frá skóla með sama áframhaldi skal senda honum áminningarbréf eða foreldrum/forráðamönnum ef nemandi er yngri en 18 ára. Segi nemandi sig úr skóla og/eða áfanga vegna brota á skólasóknarreglum ber að tilkynna honum það skriflega. Nemandinn hefur tímabundinn andmælarétt. Að auki getur nemandi sótt um undanþágu frá skólasóknarreglum til skólaráðs.

ATH.: Ætlast er til að nemendur fylgist sjálfir með fjarvistum sínum í Innu – engin fjarvistablöð verða afhent sérstaklega í umsjón!

Ef nemandi er ósáttur við fjölda skráðra fjarvista í áfanga skal hann strax hafa samband við viðkomandi kennara.

Nemendum er eindregið ráðlagt að halda sitt eigið fjarvistabókhalld!

P-nám og frjáls mæting

Þeir nemendur sem óska eftir p-námi eða frjálstri mætingu verða að sækja um það skriflega og gera grein fyrir ástæðu umsóknar. Umsóknareyðublöðin fáið þið hjá aðstoðarskólameistara. Umsóknum skal skilað til aðstoðarskólameistara í síðasta lagi föstudaginn 10. janúar. Ákvörðun um það hverjir fá p-heimildir eða frjálssa mætingu verður kunngerð eins fljótt og auðið er.

Hverjir geta sótt um frjálssa mætingu?

1. Þeir nemendur sem náð hafa 21 árs aldri og/eða búa við þær aðstæður að þeir telji sig ekki geta mætt í alla tíma, án þess þó að það komi niður á náminu.
2. Nemendur sem eru 18-20 ára og skrá sig í að hámarki 10 einingar á viðkomandi önn.

Hvað fylgir því að fá frjálssa mætingu?

Nemendur með frjálssa mætingu bera sjálfir ábyrgð á eigin námi og þurfa að kynna sér gaumgæfilega hvaða skyldur fylgja því.

Hverjir geta sótt um P-nám?

P-heimild getur komið til álita ef um útskriftarmál er að ræða. Enn fremur eru sumir áfangar skólans í eðli sínu p-áfangar, sem byggja á einstaklingsverkefnum, t.d. í íslensku, erlendum tungumálum, raungreinum og sögu.

Allir sem sækja um P-nám skulu koma í viðtal hjá aðstoðarskólameistara í síðasta lagi föstudaginn 10. janúar.

Nemendum er bent á að kynna sér upplýsingar um P-nám og frjálssa mætingu í [Skólanámskrá](#)

[Töflubrevtingar](#)

Skoðið stundatöflurnar ykkar vel. Ef þið hafið ekki fengið inn alla þá áfanga sem þið völduð geta ástæðurnar verið margvíslegar, t.d. að áfanginn er ekki kenndur, ekki er pláss í hóp, árekstar eru milli áfanga o.s.frv. Enn er hægt að bæta inn áföngum og taka út áfanga. Athugið að þessar töflubreytingar er eingöngu hægt að gera hjá aðstoðarskólameistara.

Viðtalstímar aðstoðarskólameistara vegna töflubreytinga verða sem hér segir:
Miðvikudag 8. janúar - frá kl. 9:05-12:00 og 13:00-14:00.
Fimmtudag 9. janúar og föstudag 10. janúar kl. 8:15-12:00 og 13:00-14:00.

Komið vel undirbúin í töflubreytingar. Notið stofntöfluna hér fyrir neðan til að finna hvenær áfangar eru kenndir.

Kl	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Nr. tíma
8:00-9:00	A	G	D	H	B	1
9:05-10:05	B	E	C	D	A	2
10:20-11:20	C	A	E	B	F	3
11:25-12:25	G	B	F	A	H	4
13:00-14:00	F	D	H	C	G	5
14:10-15:10	E	C	G	F		6
15:20-16:20	D	H		E		7
16:30-17:30						8

A-stokkur: DAN203, EDL203, ÍSL203-hópur 1, SÁL403.
B-stokkur: ÍSL203-hópur 2, LÍF103, NÁT113, SAG403.
C-stokkur: GRT103, SAG103, ÞÝS403.
D-stokkur: ENS203-hópur 1, ENS403, ÍSL633, STÆ403.
E-stokkur: ENS203-hópur 2, JAR203, SAG203, STÆ202.
F-stokkur: LMV293, STÆ413, STÆ603, ÞÝS203.
G-stokkur: EFN103, EFN303, SÁL203, UPP103.
H-stokkur: FÉL203, ÍSL403, NÁT123, STÆ102, STÆ203.

ÍPR101-801 eru í A-D stokkum.

ATH.:

Eftirtaldir áfangar/hópar eru fullir eða að fyllast: DAN203, LÍF103, LMV293, NÁT113, STÆ202.

Nóg af lausum plássum í eftirtöldum áföngum: EDL203, EFN103, EFN303, FÉL203, ÍSL403, ÍSL633, JAR203, NÁT123, SAG203, SAG403, SÁL203, SÁL403, STÆ102, STÆ203, STÆ403, STÆ413, STÆ603, UPP103, ÞÝS203 og ÞÝS403.

Öllum töflubreytingum verður að vera lokið mánudaginn 13. janúar.

Þeir sem skrá sig úr áfanga eftir þann tíma fá einkunnina H í feril og teljast hafa reynt einu sinni við áfangann, þ.e. missa einn próftökurétt af þremur í áfanganum.

Ertu töflulaus?

Ef þú ert töflulaus gæti skýringin verið sú að þú ert ekki búinn að greiða innritunargjaldið! Taflan þín er þá hjá ritara (fyrir nýnema og endurinnritaða) eða í Innu (hjá öðrum nemendum) og þú færð hana um leið og þú gerir upp skuldina. ATH að Innuaðgangur er lokaður þar til innritunargjaldið er greitt!

Annar möguleiki er að þú hafir gleymt að skila inn vali á síðustu önn. Ef svo er þarft þú nauðsynlega að tala við aðstoðarskólameistara á töflubreytingatíma.

Þriðji möguleikinn er að Inna sé að stríða okkur. Hafðu samband við aðstoðarskólameistara á töflubreytingatíma.

Árekstrar

Árekstur kallast það þegar tveir áfangar eru skráðir í sama tímam. Ef tveir áfangar eru skráðir á sama tíma í stundatöflu gildir taflan sem árekstraheimild. Nemendur skulu hafa samband við báða viðkomandi kennara og ákveða kennararnir hvernig nemandinn mætir í þessa tíma.

Íþróttir

Íþróttatímar eru í íþróttahöll, ýmist í aðalsal eða þreksal. Íþróttir eru allar í stökkum og er hægt að velja um tíma í A, B, C eða D stökk.

Nemendur, sem eru búnir með ÍPR201 geta fengið að fara í sund og/eða stunda aðra útvist í samráði við íþróttakennara.

Íþróttatímar fyrir afreksfólk í íþróttum verða í C stokki. Í sumum tilfellum getur myndast árekstur milli íþróttá og annarra tíma. Ef svo er skulu þessir nemendur mæta í íþróttatímana. Íþróttakennari útskýrir nánar hvað felst í því að vera valinn í þennan hóp.

Athugið vel að aðrir nemendur geta líka verið í íþróttum í C stokki.

Þeir sem ekki hafa fengið íþróttir í töflu snúi sér til aðstoðarskólameistara.
Þeir sem eru með íþróttáárekstur hafi samband við íþróttakennara.

Ýmsar upplýsingar

Bókakaup

Bókalisti vorannar 2014 er á heimasíðu FSH.
Nemendur eru hvattir til að skipta eldri bókum sín á milli hér í skólanum.

Skyndihjálp

Áfanginn SKY101 verður kenndur í námskeiðsformi. Gert er ráð fyrir að námskeiðið verði haldið í mars. Tímasetning verður nánar auglýst síðar og verða nemendur sem skráðir eru í áfangann látnir vita með fyrirvara.

Bókasafn FSH er fyrir ofan aðalinngang skólans við hliðina á stofu 10. Þar er m.a. lesaðstaða og aðgangur að tölvum, prentara og ljósritunarvél, en einnig geta nemendur unnið þar með sínar eigin fartölvur. Opnunartími bókasafns er frá kl. 8 alla virka daga og á meðan kennsla stendur yfir í skólanum.

Skápar innan við anddyri. Nemendur geta leigt sér skáp við anddyri hjá umsjónarmönnum húsnæðis. Leigan er kr. 3.000,- á skólaári (tvær annir). Þar af verða kr. 2.000,- endurgreiddar í lok skólaárs gegn afhendingu lykils.

Meðferð matvæla

Öll neysla matar og drykkjar er bönnuð í kennslustofum skólans.

Kennsluferfið Moodle

Slóðin er kennsluvefur.is, enn fremur er hlekkur á Moodle á fsh.is.

Notendanafn og lykilorð er það sama og á Innu. Hafið samband við ritara ef þið komist ekki inn. Kennarar tilkynna nemendum um gögn, sem þeir setja inn á Moodle. Samskipti við fjarnemendur fara að mestu fram gegnum Moodle.

Netaðgangur nemenda

Nýnemar fá netaðgang hjá Aðalgeiri Sævari Óskarssyni kerfisstjóra (sjá viðverutíma á forsíðu Húslesturs). Komist einhver ekki inn á netkerfi skólans skal hafa samband við kerfisstjóra. Ath. til að nota Innuaðgang verða nemendur að hafa netaðgang!

Verði nemendur uppvísir að misnotkun á tölvukerfi skólans verður aðgangurinn tekinn af þeim.

Opnunartímar stofu 1 eru þegar hún er ekki í notkun skv. töflu (sjá auglýsingu við stofudyrnar). Kennarar með hópa hafa þó forgang á opnunartímum fram yfir aðra.

Nýnemar þurfa að breyta lykilorði sínu þegar þeir tengjast í fyrsta skipti. Vertu viss um að velja öruggt lykilorð sem þú gleymir ekki. Óöruggt lykilorð er til dæmis: Hluti úr nafni þínu, fæðingardag, kennitölu, fæðingardegi nærstaddra og annað sem augljóslega er hægt að tengja við þig
Ef þú gleymir lykilorði þínu hafðu samband við kerfisstjóra.

Heimasvæði þitt er undir “H:” drifi og kvóti verður 50Mb. Vistið gögn ykkar í möppuna “My Documents” eða beint inn á H: drif.

Athugið!

Þegar þú yfirgefur tölvu skalt þú ávallt aftengjast með því að ýta á “Start” hnapp og velja “Log off notandi”.

Tölvustofan er oft mjög umsetin og ekki er leyfilegt að “skreppa” í burtu frá tölvu nema í mjög stuttan tíma. Ef þú kemur að tölvu þar sem enginn situr en einhver er augljóslega tengdur skalt þú gefa viðkomandi nægan tíma til að koma til baka frá salerni (c.a. 2-3 mínútur), vista síðan það sem unnið er með, aftengja viðkomandi og nota tölvuna!

Herdís Þ. Sigurðardóttir, aðstoðarskólameistari, herdis@fsh.is

2. tbl. 25. árgangur miðvikudaginn 28. janúar 2015. Rítstj. og ábm. Herdís P. Sigurðardóttir

Efni:

1. Fyrsta fjarvistatalning annarinnar. Viðmið er 98% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri.

[Mætingarreglur FSH](#)

2. Val fyrir haustönn 2015 hefst í dag og lýkur 16. mars nk. Hægt er að skila athugasemdum við [valframboð](#) til aðstoðarskólameistara fram til 23. febrúar. Umsjónartími vegna valsins verður miðvikudaginn 11. mars en þá munu umsjónarkennarar leiðbeina þeim sem þurfa aðstoð. Leiðbeiningar um val í Innu er að finna [hér](#).

Ath. að þeir sem ekki skila vali í Innu verða ekki með í stundatöflugerð fyrir haustönn 2015. Þannig gildir valið sem umsókn um skólavist.

Hægt er að gera námsáætlun í Innu til og með vorönn 2016. Ekki verður boðið upp á áætlunargerð lengra fram í tímann að svo stöddu þar sem námskrárbreytingar standa fyrir dyrum og er gert ráð fyrir að skipt verði yfir í nýtt kerfi á haustönn 2016.

Umsjónarkennarar geta kallað á einstaka nemendur eða hóp nemenda í viðtalstíma vegna vals, þ.m.t. á fundartíma kl. 15:20 á miðvikudögum.

[Upplýsingar um námsbrautir skólans](#)

[Kjörsviðsreglur stúdentsbrauta](#)

[Undanfarareglur áfanga.](#)

Athugið vel að það að áfangi sé í boði þýðir ekki endilega að hann verði kenndur. Eftir því sem fleiri velja áfanga aukast líkurnar á að hann verði kenndur.

Endanlegt valframboð mun liggja fyrir í dilliviku.

3. Brautaskipti: Nemendur sem vilja skipta um braut, t.d. af almennri braut yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst.

2. tbl. 24. árgangur mánudaginn 3. febrúar 2014. Ritstj. og ábm. [Herdís P. Sigurðardóttir](#)

Efni:

1. Fyrsta fjarvistatalning annarinnar. Viðmið er 98% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri.

[Mætingarreglur FSH](#)

2. Val fyrir haustönn 2014 hefst í dag og lýkur 16. mars nk. Hægt er að skila athugasemdum við [valframboð](#) til aðstoðarskólameistara fram til 21. febrúar. Umsjónartími vegna valsins verður miðvikudaginn 12. mars en þá munu umsjónarkennarar leiðbeina þeim sem þurfa aðstoð. Leiðbeiningar um val í Innu er að finna [hér](#). Ath. að þeir sem ekki skila vali í Innu verða ekki með í stundatöflugerð fyrir haustönn 2014. Þannig gildir valið sem umsókn um skólavist.

Hægt er að gera námsáætlun í Innu til og með vorönn 2015.

Umsjónarkennarar geta kallað á einstaka nemendur eða hóp nemenda í viðtalstíma vegna vals, þ.m.t. á fundartíma kl. 15:20 á miðvikudögum.

[Upplýsingar um námsbrautir skólans](#)

[Kjörsviðsreglur stúdentsbrauta](#)

[Úndanfarareglur áfanga.](#)

Athugið vel að það að áfangi sé í boði þýðir ekki endilega að hann verði kenndur. Eftir því sem fleiri velja áfanga aukast líkurnar á að hann verði kenndur.

Endanlegt valframboð mun liggja fyrir í dilliviku.

3. Brautaskipti: Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af Almennri braut yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst.

3. tbl. 24. árgangur mánudaginn 3. mars 2014. Ritstj. og ábm. [Herdís Þ. Sigurðardóttir](#)

Efni:

1. Önnur fjarvistatalning annarinnar. Viðmið er 96% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri. Ástæða er til að geta þess að enginn nýnemi fæddur 1997 er á listanum.
[Mætingarreglur FSH](#)

2. Vali fyrir haustönn 2014 lýkur 16. mars nk. Umsjónartími vegna valsins verður miðvikudaginn 12. mars en þá munu umsjónarkennarar leiðbeina þeim sem þurfa aðstoð. Leiðbeiningar um val í Innu er að finna [hér](#).
Ath. að þeir sem ekki skila vali í Innu verða ekki með í stundatöflugerð fyrir haustönn 2014. Þannig gildir valið sem umsókn um skólavist.

Hægt er að gera námsáætlun í Innu til og með vorönn 2015.

Umsjónarkennarar geta kallað á einstaka nemendur eða hóp nemenda í viðtalstíma vegna vals, þ.m.t. á fundartíma kl. 15:20 á miðvikudögum.

[Upplýsingar um námsbrautir skólans](#)

[Kjörsviðsreglur stúdentsbrauta](#)

[Undanfarareglur áfanga.](#)

Athugið vel að það að áfangi sé í boði þýðir ekki endilega að hann verði kenndur. Eftir því sem fleiri velja áfanga aukast líkurnar á að hann verði kenndur.

Endanlegt valframboð má finna [hér](#).

3. Drög að próftöflu vorannar 2014. Athugasemdir berist [aðstoðarskólameistara](#) í síðasta lagi 11. apríl.

4. Brautaskipti: Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af almenntri braut yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við [aðstoðarskólameistara](#) sem allra fyrst.

4. tbl. 24. árgangur þriðjudaginn 8. apríl 2014. Ritstj. og ábm. **Herdís Þ. Sigurðardóttir**

Efni:

1. Vali fyrir haustönn 2014 er lokið. Þeim sem hafa ekki valið en vilja vera í námi á næstu önn er bent á að hafa samband við [aðstoðarskólameistara](#) sem fyrst.

2. Vegna nýafstaðins verkfalls verður gerð ný próftafla. Hún verður auglýst seinna í vikunni.

3. Nemendum, sem þjást af prófkviða eða telja sig þurfa á sérúrræðum að halda við fyrirlögn prófa, er bent á að hafa samband við [námsráðgjafa](#) sem allra fyrst og alls ekki síðar en **28. apríl**.

5. Umsókn um einingar fyrir félagsstörf. Hægt er að sækja um einingar fyrir félagsstörf skv. [reglum um námsmat](#). Sótt er um í tölvupósti til [aðstoðarskólameistara](#). Umsóknarfrestur er til 30. apríl.

6. Innritun eldri nemenda, fæddra 1997 eða fyrr, fyrir haustönn 2014 er hafin og lýkur 10. júní. Nemendur á vorönn 2014, sem hafa valið í Innu fyrir næstu önn þurfa ekki að innrita sig sérstaklega.

7. Brautaskipti: Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af almennri braut yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við [aðstoðarskólameistara](#) sem allra fyrst.

5. tbl. 24. árgangur mánudaginn 5. maí 2014. Ritstj. og ábm. **Herdís P. Sigurðardóttir**

Efni:

1. Fjórða fjarvistatalning annarinnar. Viðmið er 92% mæting.
[Mætingarreglur FSH](#)

2. Vali fyrir haustönn 2014 er lokið. Þeim sem hafa ekki valið en vilja vera í námi á næstu önn er bent á að hafa samband við aðstoðarskólameistara.

3. Próftafla vorannar 2014.

4. Innritun eldri nemenda, fæddra 1997 eða fyrr, fyrir haustönn 2014 er hafin og lýkur 10. júní. Nemendur á vorönn 2014, sem hafa valið í Innu fyrir næstu önn þurfa ekki að innrita sig sérstaklega.

7. Brautaskipti: Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af almennri braut yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst.